



Umsögn um frumvarp til laga um sviðslistir
Sendandi: Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks
Lindargötu 6, 101 Rvk.
Netfang: fil@fil.is

Reykjavík, 9. maí 2019

**149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 1261 — 800. mál.
Stjórnarfrumvarp.**

4. gr.

Þjóðleikhússtjóri.

Ráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Þjóðleikhússtjóri skal hafa háskólamenntun í listum eða sambærilega menntun og staðgóða reynslu og þekkingu á sviðslistum og starfssviði leikhúss. Auglýsa skal embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

FÍL óskar eftir að þak verði sett á fjölda ráðningartímabíla eins og hjá Listdansstjóra sbr. 11. grein „Endurnýja má skipun listdansstjóra einu sinni til næstu fimm ára.“ *Einnig þykir okkur mikilvægt að starf þjóðleikhússtjóra verði auglýst bæði hérlendis og erlendis, t.d. á evrópska efnahagssvæðinu. Í okkar litla og viðkvæma listaumhverfi er mjög mikilvægt að hafa möguleika á ferskum stjórnanda sem lítur til starfseminnar og listamannanna sem þar starfa án allra tengsla ss fjölskylda og vinir. Ekkert er í hendi um áhuga erlendis frá en innan sviðslistaheimsins á Íslandi er vissulega áhugi fyrir að þessi möguleiki sé opin.

Þjóðleikhússtjóri stýrir starfsemi og rekstri þjóðleikhússins og markar listræna stefnu þess. Hann ræður aðra starfsmenn leikhússins og er í fyrirsvari fyrir það.

Þjóðleikhúsið er stór listastofnun og okkur þykir mikilvægt að þegar ráðið er í starf þjóðleikhússtjóra sé fyrst og síðast horft á listarænar forsendur og stefnu umsækjanda. Við óskum eftir að staða framkvæmdastjóra þjóðleikhússins verði endurvakin og slíkur einstaklingur starfi við hlið þjóðleikhússtjóra og beri ásamt honum ábyrgð á rekstri og fjárhagslegri áætlanagerð. Einnig væri æskilegt að sjá í lagakafli um þjóðleikhús ákveðinn lágmarksfjölda fastráðinna leikara sem leikhúsið hefur í starfi ár hvert. Sá hópur hefur skroppið saman á undanförunum 20 árum og fer enn minnkandi. Hljóðfæraleikarar eru lang stærsti starfsmannahópurinn í listastofnuninni „Sinfóníuhljómsveit Íslands“ og við gerum sömu kröfu til þjóðleikhússins.

5. gr.

Þjóðleikhúsráð.

Ráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð til fimm ára í senn. Fagfélög sviðslistafólks tilnefna þrjá fulltrúa en ráðherra tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama aðalmann í þjóðleikhúsráð lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Þjóðleikhúsráð setur sér starfsreglur, fylgist með starfsemi þjóðleikhússins, veitir ráðherra reglulega umsögn um stefnu og áætlun um starfsemi þjóðleikhússins.

Hvaða fagfélög tilnefna? Eru það þau sem stærst eru á hverjum tíma eða eru þau handvalin af ráðherra? Tillaga okkar er að Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks, Félag leikstjóra á Íslandi og Félag leikskálda og handritshöfunda séu þau fagfélög sem tilnefna fulltrúa í ráðið.

III. KAFLI

Íslenski dansflokkurinn.

11. gr.

Listdansstjóri.

Ráðherra skipar listdansstjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn listdansráðs. Listdansstjóri skal hafa háskólamenntun í listum eða sambærilega menntun og staðgóða reynslu og þekkingu á danslist og starfssviði dansflokks. Endurnýja má skipun listdansstjóra einu sinni til næstu fimm ára. Auglýsa skal embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

*sjá grein 4 um auglýsingar hérlandis og erlendis.

Listdansstjóri stýrir starfsemi og rekstri Íslenska dansflokksins og markar listræna stefnu hans. Hann ræður aðra starfsmenn flokksins og er í fyrirsvari fyrir hann.

12. gr.

Listdansráð.

Ráðherra skipar þriggja manna listdansráð Íslenska dansflokksins til fimm ára í senn. Fagfélög sviðslistafólks tilnefna tvo fulltrúa en ráðherra einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama aðalmann í ráðið lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Listdansráð setur sér starfsreglur, fylgist með starfsemi dansflokksins og að hún sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli, veitir ráðherra reglulega umsögn um stefnu og áætlun um starfsemi Íslenska dansflokksins í samræmi við önnur lög og fylgist með framkvæmd þeirra.

Hvaða fagfélög? FÍLD (Félag íslenskra listdansara) og Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks eru þau félög sem hafa dansara innan sinna vébanda.

IV. KAFLI
Önnur sviðslistastarfsemi.

15. gr.

Sviðslistasamband Íslands og Sviðslistaráð.

Ráðherra skipar þriggja manna sviðslistaráð til þriggja ára í senn. Sviðslistasamband Íslands tilnefnir tvo fulltrúa í ráðið en ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Óheimilt er að skipa sama aðalmann í sviðslistaráð lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Viðbót við lögin; Sviðslistasamband Íslands (SSÍ) eru regnhlífarsamtök allra fagfélaga og stofnana sem koma að sviðslistum á Íslandi. SSÍ skal vera ráðgefandi til ráðherra um þau mál sem ráðherra vísar til þess og almennt um málefni sviðslista á Íslandi.

16. gr.

Hlutverk.

Hlutverk sitt rækir sviðslistaráð meðal annars með því að:

- veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess,
- gera tillögu til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sviðslistasjóðs til þriggja ára í senn,
- gera tillögu til ráðherra um úthlutunarreglur sviðslistasjóðs, og
- úthluta árlega styrkjum úr sviðslistasjóði.

Varðandi lið a) þá bendum við á að ekki er æskilegt að sömu aðilar séu ráðgjafar og mögulega stefnumótandi innan greinarinnar og sjái einnig um að úthluta styrkjum. Bendum því á Sviðslistasamband Íslands sem ráðgefandi aðila fyrir ráðherra enda þar að finna þverskurð allra aðila sem tengjast sviðslistum, fagfélög og stofnanir. Sviðslistaráð mótar stefnu sviðslistasjóðs og úthlutar styrkjum til atvinnuleikhópa.

17. gr.

Sviðslistasjóður.

Hlutverk sviðslistasjóðs er að efla íslenskar sviðslistir og kosta önnur verkefni sem falla undir hlutverk og starfsemi á sviði sviðslista. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, deild atvinnuhópa og deild áhugahópa í sviðslistum.

Hér viljum við skilja á milli. Fagfólk í sviðslistum sem hefur aflað sér háskolamenntunar í faginu sér um úthlutanir til atvinnuleikhópa. Áhugahópar sviðslistafólks sinna blómlegu starfi víða um land, bandalag áhugamanna rekur leiklistarskóla ofl. en þetta er allt annar hlutur og ef starfsemi áhugaleikhópa eða styrkveitingar til þeirra eiga heima í lögum þessum ættu þau að fá sinn eigin kafla og annað úthlutunarráð.

Sviðslistaráð gerir tillögur til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sjóðsins til þriggja ára. Ráðherra setur sviðslistasjóði reglur um auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Við mat á umsóknum úr sviðslistasjóði er sviðslistaráði heimilt að leita umsagnar fagaðila. Þóknun fulltrúa í sviðslistaráði og annar kostnaður af starfsemi ráðsins greiðist úr sviðslistasjóði. Ákvarðanir sviðslistaráðs eru endanlegar á stjórnsýslustigi og sæta ekki kærnu til ráðherra.

18. gr.

Kynningarmiðstöð sviðslista.

Ráðherra hefur heimild til að skal fela þar til bærum aðila að kynna íslenskar sviðslistir hér á landi og erlendis og efla alþjóðlegt samstarf íslenskra sviðslistamanna og stofnana.

Þessi grein eru vonbrigði. Að hér skuli ekki enn, eftir margra ára umræðu og undirbúningsvinnu, fastar að orðið kveðið en að ráðherra hafi heimild til. Við leggjum til að í stað þess að hafa heimild til skuli ráðherra fela þar til bærum aðila... osfrv

Ákveðum með lögum þessum að frá árinu 2020 verði hér starfrækt Kynningarmiðstöð sviðslista samanber kynningarmiðstöðvar annarra listgreina sem sannarlega hafa veitt íslenskum listamönnum tækifæri erlendis sem og vakið áhuga umheimsins á íslenskri tónlist, myndlist, bókmenntum osfrv. Þetta er stórt ímyndarmál fyrir sviðlistir svo ekki sé minnst á þau tækifæri sem fara hér forgörðum.

Fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra leikara og sviðslistafólks

Hrafnhildur Theodórsdóttir
Framkvæmdastjóri FÍL